



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

**ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ
VIÐ HVERFISGÖTU
HLJÓÐVIST**

SKILAGREIN

SEPTEMBER 2007



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ VIÐ HVERFISGÖTU HLJÓÐVIST

SKILAGREIN

SEPTEMBER 2007



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR	3
1.0 UNDIRBÚNINGUR.....	3
1.1 Lýsing framkvæmdar	3
1.2 Frumathugun	3
1.3 Áætlunargerð	4
1.4 Áætlun um stofnkostnað.....	4
2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD	4
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar.....	4
2.2 Framvinda	5
2.3 Eftirlit og úttektir.....	5
3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR	5
3.1 Heildarkostnaður	5
4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR	6
4.1 Árangur framkvæmdarinnar	6
4.2 Staðfesting skilagreinar	6

ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Hér fer á eftir skilagrein framkvæmdar.



1.0 UNDIRBÚNINGUR

1.1 Lýsing framkvæmdar

Hér verður gerð grein fyrir hljóðdeyfiflekum sem settir voru í loft bókminjasalar í fyrra verkinu og í fjóra sali til viðbótar í seinna verkinu sem framkvæmd voru á árunum 2003 til 2004.



Verkefnið barst Framkvæmdasýslu ríkisins frá Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í ágúst 2003 og aftur í september 2004 um sambærilegt verkefni. Óskað var eftir að FSR hefði umsjón með verkunum tveimur og verk-samningum við verktaka í framhaldi af verðkönnun.


Hljóðdeyfiflekar í loft bókminjasalar Þjóðmenningarhússins. Um að ræða smíði og uppsetningu hljóðdeyfifleka úr 40 mm. þykkum glerull-arplötum af tiltekinni stærð og gerð sem festar eru upp í loftin á trélista. Auk þess var tekinn niður ljósabúnaður og settur upp aftur með tilheyrandi breytingum á raflögn.

Hljóðdeyfiflekar í loft fjögurra sala var að öllu leyti sambærilegt hljóðdeyfiflekum í lofti bókminjasalar. Um er að ræða eftirfarandi sali:
Salur 2-14, Kortasafn.
Salur 1-02, Veitingasalur.
Salur 2-02, Stofa Alþingis.
Salur 1-09, Sýningarsalur.
Verkkaupi var forsætisráðuneytið.

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með verkunum fyrir hönd verkkaupa. Verkefnisstjóri var Jón H. Gestsson í fyrra verkinu og Sigurður Norðdahl í seinna verkinu.

1.2 Frumathugun

Þegar unnið var að endurbótum á Þjóðmenningarhúsinu á árunum 1997 til 2000 var ákveðið að setja ekki hljóðdeyfingu í umrædd loft og var það aðallega gert af verndunarsjónarmiðum. Ljóst var að þörfin var fyrir hendi, en ákveðið að láta á það reyna að hægt væri að nota salina án hljóðdeyfingar. Reynslan sýndi hins vegar að þetta var óviðunandi og því var ráðist í framkvæmdirnar.



Loftaplan, yfirlit.

1.3 Áætlunargerð

Hönnun

Hönnunin var unnin sumarið 2003, en hún fólst aðallega í að velja hljóðdeyfiplöturnar og staðsetja þær í rýmum.

Ráðgjafar

Hornsteinar arkitektar ehf. voru ráðgjafar í báðum verkunum.

Niðurstöður verðkönnunar	kr.	hlutfall
Gamlhús ehf.	2.209.800	67,0 %
Aftak ehf.	4.549.700	137,9 %
Stálsmiðjan ehf.	5.073.300	153,7 %
Kostnaðaráætlun	3.300.000	100,0%

1.4 Áætlun um stofnkostnað

Heildarkostnaðaráætlun FSR í fyrra verkið, í október 2003, var 4 milljónir króna með virðisaukaskatti. Heildarkostnaðaráætlun FSR í seinna verkið, í október 2004, var 2,6 milljónir króna með virðisaukaskatti.


Þann 6. nóvember 2003 var tilboði Gamlhús ehf. að fjárhæð 2.209.800 kr. með vsk. tekið, sem var 67,0% af kostnaðaráætlun. Gerður var skriflegur samningur um verkið í framhaldi af því.

Samið var við Gamlhús ehf. um seinna verkið á grundvelli tilboðs og samningagerðar. Verktaki var vel kunnugur fyrra verkinu og þekkti aðstæður á verkstað vel. Tilboði Gamlhús ehf. í seinna verkið að fjárhæð 1.912.400 kr. með vsk. var tekið 1. nóvember 2004. Gerður var skriflegur samningur um verkið í framhaldi af því.

2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Gerð var verðkönnun á meðal þriggja verktaka í fyrra verkið; Þjóðmenningarhús – Hljóðdeyfilekar í loft bókminjasalar. Tilboð í fyrra verkið voru opnuð þann 29. október 2003. Niðurstöður verðkönnunar voru eftirfarandi:



Bókminjasalur, loftaplan.

2.2 Framvinda

Fyrri verkið hófst 25. nóvember 2003 og lauk með lokaúttekt í janúar 2004 og stóðust allar áætlanir mjög vel bæði varðandi framkvæmdina og heildarkostnað verksins.

Seinna verkið hófst 8. nóvember 2004 og lauk með lokaúttekt í desember 2004 og stóðust allar áætlanir mjög vel bæði varðandi framkvæmdina og heildarkostnað verksins. Umfang verksins minnkaði nokkuð en sýningarsal 1-09 var frestað þar til síðar og þá eftir áætluð verklok.



2.3 Eftirlit og úttektir

Eftirlit með framkvæmdunum höfðu Jón H. Gestsson í fyrri verkinu og Sigurður Norðdahl í seinna verkinu, báðir verkefnastjórar hjá FSR.

3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

3.1 Heildarkostnaður

Heildarkostnaður í fyrri verkinu var 2.800.000 krónur í árslok 2004. Framkvæmdakostnaður nam þar af 2.270.000 krónum. Í heildarkostnaði er innifalin hönnun að fjárhæð um 200 þúsund krónur, en enginn búnaður.

Heildarkostnaður er á verðlagi hvers árs.

Heildarkostnaður í seinna verkinu nam 1.600.000 krónum í árslok 2005, en kostnaður féll að langmestu leyti til á árinu 2004. Í heildarkostnaði er hér ekki innifalin hönnun, ráðgjöf og búnaður, en það var greitt beint af verkkaupa.

Heildarkostnaður er á verðlagi hvers árs.

4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

4.1 Árangur framkvæmdarinnar

Ekki er kunnugt um hliðstæðar framkvæmdir og því ekki unnt að gera samanburð.

Framkvæmdir tókust í alla staði vel og óhætt að segja að gæði verks og hafi orðið eins og að var stefnt. Verkið var vel skilgreint í upphafi og í sjálfu sér ekki flókið og verktaki kunni vel til verka.

Báðum verkaföngum var skilað vel innan áætlunar um kostnað.



4.2 Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri